

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

23. fundur

Mánudaginn 20. janúar 2020 kl. 15.30 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarsson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Karólína Helga Símonardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson.

- 1) Farið yfir lokaútgáfu af greinargerð með rammaskipulagi.
- 2) Frumsýnt kynningarmyndband arkitekta um útlit og umgjörð rammaskipulagsins. Myndbandið verður notað sem kynningarefni og einnig sem hluti af kynningarmynd um sögu, starfsemi og framtíðarsýn Hafnarfjarðarhafnar.
- 3) Samráðsnefnd samþykkir framlagða tillögu að rammaskipulagi fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði og vísar tillögunni ásamt greinargerð til umfjöllunar og formlegrar afgreiðslu í hafnarstjórn og skipulags- og byggingaráði.

Ágúst Bjarni Garðarsson bókar eftirfarandi:

Undirritaður þakkar fyrir vinnuna og gott samstarf í gegnum ferlið. Með þessu rammaskipulagi er kominn góður rammi og ákveðin framtíðarsýn fyrir svæðin þrjú. Nú tekur við aðalskipulagsferli og síðan deiliskipulagsvinna fyrir einstaka reiti. Undirritaður lýsir þó þeirri skoðun sinni að mikilvægt sé að svæðin þrjú geti öll þróast til framtíðar sem blönduð byggð íbúðar- og atvinnusvæðis í takt við áherslur um vistvæna byggð.

- 4) Samráðsnefnd þakkar arkitektum, ráðgjöfum og öllum þeim íbúum og lóðarhöfum sem komið hafa að vinnu og umræðu um rammaskipulagið á undanföllum misserum, fyrir gott samstarf og samvinnu við áhugavert og framsækið verkefni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:05
LG ritaði fundargerð